

Nr. 62/1889.

Filippus Filippusson
 gegn
 öðrum lögerfingjum Filippusar
 Þorsteinssonar og ekkju hans
 Sigríði Jónsdóttur.

D ó m u r :

Árið 1882 hættu hjónin Filippus Þorsteinsson á Bjólu og kona hans Sigríður Jónsdóttir búskap og skiptu þá miklum hluta af lausafje sínu milli barna sinna, en hjeldu eptir fasteignum og því, sem þau áttu inni við verzlánir og ýmsu lausafje. Voru þau síðan til veru hjá áfrýjanda þessa máls, syni þeirra Filippusi, sem tók við jörðinni Bjólu og byrjaði þar búskap. 20. febr. 1885 andaðist Filippus Þorsteinsson og tóku þá ekkjan og börn hans og tengdabörn, sem öll voru myndug, búið til skipta sín á milli, en sökum þess, að ágreiningur kom upp á milli þeirra út af skiptunum, heimtuðu nokkrir erfingjarnir opinber skipti, og hófust þau 1. maí 1888. Á þeim skiptafundi, sem haldinn var þann dag í búinu, kom til álita skjal nokkurt, er til hafði orðið á erfingjaskiptunum, svo nefndur skiptagjörningur, dags. 1. júní 1885, sem nöfn flestra erfingjanna voru rituð undir, og þar sem fasteignum búsin var öllum úthlutað milli erfingjanna og ýmsu lausafje, og viðurkenndu allir erfingjarnir og ekkjan á skiptafundinum, «að skiptagjörningur þessi hefði verið gjörður með allra samþykki hvað lausafjed snerti og að hann væri viðurkenning þeirra um að hafa meðtekið það þar tilgreinda lausafje í arfskyni hver í sinn hluta og þær þar tilgreindu fasteignir», en allir erfingjarnir nema áfrýjandinn hjeldu því fram, að það hefði verið, hvað

fasteignirnar snerti, með því skilyrði, að sá jöfnuður fengist á þeim, sem um hefði verið talað, er gjörningurinn var saminn, og þar sem sá jöfnuður hefði eigi fengizt efndur, kröfðust þeir, að jarðirnar yrðu virtar og þeim skipt af nýju eptir þeirri virðingu. Hinir stefndu erfingjar kröfðust þess og á nefndum skiptafundi og síðar, að áfrýjandinn væri skyldaður til að skila í búið til skipta ýmsu lausafje, er þeir töldu að í hans vörzlum væri, búinu tilheyrandi, og húsum, er í hans hendi voru, er höfðu tilheyrð foreldrum hans á búskaparárum þeirra, svo og að hann væri skyldaður til að standa skil á afgangnum af fasteignum búins, er til hans hefðu runnið og gjöra grein fyrir öðrum afskiptum hans af fjármunum, er búinu höfðu tilheyrð. Með því að áfrýjandinn mótmælti því, að nokkrum jöfnuði hefði verið lofað á fasteignum búins, þegar skiptagjörningurinn 1. júní 1885, er áður er nefndur, var gjörður, og að hann hefði nokkuð af óskiptu lausafje búinu tilheyrandi undir höndum, eða að hann skuldaði því nokkuð, en hjelt því aptur á móti fram, að skiptin á búinu hefðu verið fullgjörð með fyrnefndum skiptagjörningi, er teldi til allar eignir búins, var kveðinn upp úrskurður af skiptaráðanda 18. des. 1888 um ágreining þennan milli erfingjanna, svo hljóðandi: «Fasteign búins ber, að undan-genginni löglegri virðingu á henni, að skipta lögum samkvæmt milli barna arfleifanda og ekkju hans, nema hún skýlaust frásegi sjer það, sem henni að lögum ber af fjelagsbúi þeirra hjóna. Að eins það lausafje, sem sannast að búið eigi og óskipt sje, verður tekið til skipta. Heimtingu á búið á, að erfinginn Filippus sanni heimild sína til húsa þeirra, sem hann telur foreldra sína hafa gefið sjer. Einungis þær skuldakröfur

látna hjá öðrum, sem sannað verður hafi verið þegar búið fjellst til, verða teknar til skipta. Búið á heimtingu á, að erfinginn Filippus gjöri grein fyrir skuldum, sem hann hafi borgað fyrir það, fje, sem til þess hafi verið varið, og því, sem óeytt kann að vera búinu tilheyrandi í vörzlum hans».

Hjer fyrir rjettinum hefur áfrýjandinn krafizt þess: 1. að úrskurður þessi verði úr gildi feldur með öllu; 2. að skiptagjörningur 1. júní 1885 og þar á byggður samningur milli erfingjanna 2. júní s. á. verði lagðir til grundvallar fyrir skiptum á búinu og staðfestir að því er snertir arfahluta áfrýjandans, sem honum er þar útlagður; 3. að áfrýjandinn sje að öllu leyti sýkn dæmdur af kröfum búins, og skiptum á því, að því hann snertir, lokið; 4. að hinir stefndu sjeu dæmdir til að borga allan málskostnað fyrir undir- og yfirrjetti með 200 kr. eða einhverju nægilegu eptir rjettarins mati. Hinir stefndu hafa fallizt á það, að hinn áfrýjandi úrskurður yrði feldur úr gildi, en án þess að skiptagjörningurinn 1. júní 1885 og samningurinn 2. júní s. á. verði lagðir til grundvallar fyrir framhaldi skiptanna; aptur á móti hafa þeir mótmælt kröfum áfrýjandans að öðru leyti og krafizt þess, að hann verði skyldaður til, að greiða búinu fyrir ómök og kostnað o. s. frv., fyrir báðum dómum 200 kr. eða eitthvað nægilegt eptir mati yfirdómsins. Yfirdómurinn verður nú að álíta samkvæmt framangreindri viðurkenningu alla erfingjanna á skiptafundinum 1. maí 1888 um að skiptagjörningurinn 1. júní 1885 sje viðurkenning þeirra um, að þeir hafi meðtekið í arf hver um sig það þar tilgreinda lausafje og þær þar töldu fasteignir, að allir erfingjarnir hafi með þessu kannazt við, að tjeður skiptagjörningur væri löglega til orðinn,

sem sönnunarskjal fyrir skiptum á búinu, það er hann næði til, og þar sem eifingjarnir allir eru fullmyndugir menn og fullráða fjár síns, þá hlýtur þessi viðurkenndi gjörningur að leggjast til grundvallar fyrir skiptum á búinu, svo langt, sem hann nær, og getur eigi skilyrði það, um jöfnuð á fasteignunum, sem stefndu halda fram, að áskilið hafi verið, þegar gjörningurinn var saminn, haft neina þýðingu til að veikja gildi gjörningsins, að því erfðabluta áfrýjanda snertir, þar sem ekkert stendur um það skilyrði í gjörningnum, og engin sönnun er komin fram fyrir því, gegn mótmælum áfrýjandans, að neitt skilyrði hafi verið sett í þá átt. Það virðist einnig sjálfsagt, úr því að skiptagjörningurinn 1. júní 1885 er álitinn löglegur, að tekin sje til greina krafa áfrýjandans um, að samningurinn 2. júní s. á. verði og tekinn til greina við skiptin, að því er áfrýjanda snertir, en samningurinn leggur honum að eins skyldur á herðar og leggur bönd á fasteignararf hans.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið tekið fram, verður að fella úr gildi fyrstu málsgrein hins áfrýjada úrskurðar og skylda skiptaráðanda til að byggja skiptin, að því áfrýjandann snertir, á skiptagjörningnum 1. júní 1885, og samningnum 2. s. m., að því snertir lausafje það og fasteignir, er ráðstafað er í þeim. Önnur ákvæði úrskurðarins, að því leyti, sem þau lúta að því, að skylda áfrýjandann gegn mótmælum hans til að skila aptur í búið munum, sem eru í hans vörzlum og undir hendi hans, eða til að gjöra búinu reikningsskil, verða aptur á móti að dæmast ómerk, þar sem skiptaráðandi er eigi bær um að úrskurða um slíkt. Málskostnaður virðist rjett að falli niður eptir atvikum málsins.

Því dæmist rjett að vera:

Að því er snertir þær fasteignir búans og það lausafje, er hinn svokallaði skiptagjörningur frá 1. júní 1885 getur um, ber að byggja skiptin á búinu, hvað áfrýjandann áhrærir, á skiptagjörningi þessum og samningnum 2. júní 1885. Að öðru leyti á hinn áfrýjaði úrskurður að vera ómerkur. Málkostnaður falli niður.

Mánudaginn 21. júlímán.

Nr. 19/1890.

Rjettvísín

gegn

Ámunda Filippussyni.

D ó m u r :

Með aukarjettardómi 23. des. f. á. var hinn ákærði Ámundi bóndi Filippusson á Bjólu í Holtamannahreppi dæmdur samkvæmt 249. og 250. gr. hinna almennu hegningarlaga 25. júní 1869 fyrir ólögmeta meðferð á fundnum fjármunum í 2×5 daga fangelsi við vatn og brauð, svo og til að greiða allan af sökinni gegn honum leiðandi kostnað, þar með talin málsfærslulaun til hins skipaða talsmanns hans í hjerði, Gríms Skúlaonar, 5 kr.

Dómi þessum hefur bæði að beiðni hins ákærða og af hálfu hins opinbera verið skotið til yfirdómsins.

Ákærða hefur í 1. lagi verið gefið það að sök í máli þessu, að hann hafi stolið eða gjört tilraun til að stela heyi úr heygarði bróður síns og sambýlismanns á jörðinni Bjólu, Filippusar Filippussonar, og í öðru lagi hef-